

## Gátlisti – Lokapróf í stærðfræði vor 2011 – 10. bekkur

Hlutföll og prósentur:

- Kunna að breyta tugabroti í prósentur og öfugt t.d.  $0,7 = 70\%$ ,  $6\% = 0,06$
- Prósentureikningur; s.s. geta fundið prósentu af tölu, geta fundið % út frá hluta og heild, geta reiknað ársvexti o.þ.h.

Tölur, reikniðgerðir, reiknikunnátta og mat:

- Vita hvað staðalform er þ.e.  $4,5 \times 10^5$  (fremri talan getur verið frá 1 upp að 10, 10 ekki meðtalin), almenn brot (samnefnari, lenging, stytting...),

Rúmfræði:

- Flatarmál, rúmmál og ummál. (keilur, kúlur, sívalningar, hálfar myndir o.s.frv.)

Horn:

- Pýþagórasar reglan með rétthyrnda þríhyrninga.
- Topphorn – jafnstór
- Finna hornasummu marghyrninga með því að skipta þeim í þríhyrninga og margfalda með  $180^\circ$ .

Mynstur og algebra:

- Jöfnur
- Finna gildi stæðu (stæða=dæmi) t.d.  $1 + 2x$  ef  $3x = 9$
- Einfalda stæður
- Jöfnuhneppi
- Gröf, kunna að gera gildistöflu og setja upp graf

Tölfræði og líkindareikningur:

- Kunna að reikna meðaltal og finna út miðgildi.
- Líkindareikningur, t.d. hversu miklar líkur eru að fá tölu minni en 3 ef teningi er kastað?

Hlutfall og einslögun:

- Geta reiknað hver fær hvað mikið ef t.d. 3500 er skipt niður eftir hlutföllunum 1:3:3
- Geta fundið lengdir í þríhyrningum sem eru einslaga
- Geta sagt til hver vegalengd á korti er í raun. T.d. kort er 1:50000, hvað eru 7 cm á kortinu langt í raunveruleikanum.

Myndrit:

- Geta lesið úr stöplaritum, súluritum, línuritum, skífuritum, stuðlaritum o.þ.h.